



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2025
USK23060353
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 3.6.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Hlíðarendi - Breyting á deiliskipulagi - Reitur A - Arnarhlíð 3

Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 22. maí 2025.

13. liður fundargerðarinnar, Hlíðarendi – breyting á deiliskipulagi – reitur A – Arnarhlíð 3 er samþykktur.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS25010002

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. maí, ásamt 11. og 13. lið fundargerðar borgarráðs frá 22. maí:

Framsókn vekur athygli á því að á með þessum viðauka er verið að setja 60 milljónir í endurgerð selalaugar. Heildarkostnaðarmat nemur 160 milljónum samkvæmt eldra mati. Það liggur því fyrir að þessi fjárhæð dugir ekki fyrir framkvæmdinni. Í selalauginni eru tveir selir og því lítur út fyrir að heildarfjárfestingin nemi 80 milljónum á hvorn sel. Framsókn telur fjármunum borgarinnar betur varið í önnur verkefni. Framsókn styður uppbyggingu Fossvogsbrúar og fyrstu lotu borgarlínu. Framsókn situr hinsvegar hjá við afgreiðslu málsins vegna áhyggja af útfærslu á legu borgarlínu um Suðurlandsbraut. Framsókn situr hjá við afgreiðslu málsins í ljósi þess að fjöldi íbúða eykst umtalsvert frá fyrra skipulagi og íbúar hafa lýst áhyggjum af of mikilli uppbyggingu á svæðinu. Verkefnið er þó mikilvægt enda rennur ágóði þess til uppbyggingar fjölnota íþróttahúss Vals sem gagnast öllum íbúum á svæðinu.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík